

# Læsisstefna Hvaleyrarskóla

*Skólaárið 2016 - 2017*



## Inngangur

Aðalmarkmiðið með að gefa út lestrarstefnu Hvaleyrarskóla er að við sem hér störfum höfum sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda. Kennarar eiga að geta nýtt sér lestrarstefnuna við að skipuleggja markvissa lestrarkennslu og lestrarþjálfun í öllum árgöngum skólans.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Læsi er forsenda fyrir góðum árangri í bóknámi. Í aðalnámskrá segir enn fremur „að góð lestrarfærni sé undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningar þjóðar“ (2013:99).

Snemmtæk íhlutun er ein af meginstoðum læsisstefnunarinnar því þar er að finna grunninn að góðu gengi í lestri. Í henni flest reglubundið mat á lestrargetu yfir fyrsta skólaárið. Þá er jafnframt lögð áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu sem byggir á árangursríkum raunprófuðum kennsluáðferðum sem fela í sér þjálfun hljóðkerfisfærni, kennslu í hljóðaaðferð, lesfimi og lesskilningi. Í upphafi er einkum um það að ræða að ná tökum á undirstöðuatriðum í lestri, styrkja hljóðkerfisvitund og fylgjast með að lestrarferli þróist eðlilega. Til þess má nota lesskimanir og lesskilningspróf.

Rannsóknir á lestrarferlinu hafa á undanförunum tveimur áratugum aukið til muna þekkingu manna á því hvaða aðferðir eru árangursríkastar við að ná góðum tökum á lestri. Samkvæmt úttekt National Reading Panel (2000) og seinni rannsóknum á lestrarnámi og lestrarkennslu þarf lestrarkennsla að beinast að eftirfarandi þáttum læsis: *hljóðkerfis- og hljóðavitund, umskráningu, lesfimi, orðaforða, lesskilningi og ritun*. Í skýrslu NRP (2000) er jafnframt lögð áhersla á að hver framangreindur kennsluþáttur krefjist sérstakra kennsluáðferða. Mikilvægt er að hafa í huga að börn eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við lestrarnám við upphaf grunnskólagöngu. Þannig tekur það nemendur mislangan tíma að ná tökum á lestri og klífa upp öll þrep læsispróunarinnar. Þekking kennara á þróunarferli lestrar gerir þeim kleift að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og útfæra *einstaklingsmiðaða lestrarkennslu* sem er hæfilega krefjandi fyrir hvern og einn

en aldrei of erfið né of auðveld. Þannig er börnum sem gætu átt á hættu að lenda í *lestrarerfiðleikum* mætt með viðeigandi verkefnum strax í upphafi lestrarnámsins. <http://lesvefurinn.hi.is>

Lestrar- og ritunarnám eru nátengd ferli og þarf að skipuleggja kennsluna með hliðsjón af því, sérstaklega í yngstu bekkjum. Við byrjendakennslu í lestri er mikilvægt að taka tillit til þess hve lestrarerfiðleikar eru algengir og að hefðbundið lestrarnám sækist mörgum nemendum seint. Brýnt er að vekja áhuga nemenda á lestri og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu á öllum stigum námsins.

Nauðsynlegt er að lestrarkennslu og lestrarþjálfun sé haldið áfram allan grunnskólann jafnt og þétt. Mikilvægt er að kenna og þjálfna mismunandi lestraraðferðir. Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu. Á skólasöfnum eiga nemendur að geta nálgast lesefni í samræmi við þroska og lestrargetu hvers og eins. Lestrarþjálfun tengist einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri bókmennta. Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda, kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og trúarhópa. Í eldri bekkjum grunnskóla er eðlilegt að nýta bókmenntafræðileg hugtök og rýni til að skerpa skilning nemenda á bókmenntunum og eðli þeirra. Nemendur lesa ljóð, fjalla um efni þeirra og bragfræðileg einkenni. Það eykur tilfinningu fyrir bundnu máli að kunna ljóð og því er ástæða til að nemendur læri ljóð utanbókar. Mörg ljóð er æskilegt að læra í söng, einkum í yngri bekkjum, til að þjálfna brageyra og hljómfall ( Aðalnámskrá grunnskóla 2007 ).

## Þrír meginþættir lesturs

**Lestur með hljóðaðferð:** Grunnaðferðin til að læra að umskrá er samtengjandi hljóðaaðferð þar sem börn læra að tengja saman stök hljóð orðanna og hlusta eftir orðunum sem hljóðin mynda (NRP, 2000; Shanahan, 2005, 2006). Í gegnum þessi hljóðrænu tengsl og merkingu orðanna festast orð og orðhlutar í minni barnanna og verða þannig smám sama tiltæk um leið og þau ber fyrir sjónir við lestur. Þannig verður aukin þjálfun og æfing til þess að börn þurfa ekki lengur að tengja hljóð orðanna saman, staf fyrir staf þar sem þau þekkja nú yfirleitt orðin, geta lesið þau án fyrirhafnar og beint athyglinni að skilningi. Þekki þau ekki orðin sem heild er líklegt að þau þekki a.m.k. einhverja orðhluta og þurfi ekki að umskrá nema lítinn hluta orðanna sem skýrir hversu fljót þau eru að komast í gegnum torskilin löng orð (t.d. orðið sp-erg-ill, flestir þekkja samhljóðasambandið sp og orðið ill og þurfa því aðeins að umskrá erg – hluta orðsins ( Ehri, 1992; Ehri og Robbins, 1992).

**Lesfimi:** Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins, en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum (phrasing) og með réttu hljómfalli (intonation). Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning (Kuhn, Schwanenflugel, Meisinger, 2010:240).

**Lesskilningur:** „Raunverulegt læsi felst ekki aðeins í hæfni við að geta lesið og skrifað, heldur að geta nota tungumálið til þrautalausna” (Robert Calfee). Góðir lesarar beita öllu jöfnu mörgum ólíkum aðferðum við lestur. Þeir spá fyrir um efnið áður en þeir lesa, þeir tengja við eigin persónulega reynslu og þekkingu, fylgjast með skilningi sínum og bregðast við með áhrifaríkum aðferðum ef skilningur dettur niður. Þessar og aðrar gagnlegar aðferðir geta kennarar nýtt sér við að kenna og þjálfa lesskilning og hjálpa nemendum sínum að ná betri árangri í lesskilningi. Lesskilningur reynir á æðri hugsun og góðir lesendur beita fjölmörgum, flóknum hugrænum aðferðum við að ná tókum á lesskilningi. Þá þarf að hafa í huga að merkingin sem lesendur leita eftir er bæði í textanum en einnig í hugarheimi lesandans sjálfs sem leggur sína reynslu, sína þekkingu, sinn tilgang og sitt sjónarhorn í orð höfundar og þann boðskap sem textinn hefur fram að færa. Rannsóknir benda

til þess að kennsla í lesskilningi hafi mikið að segja fyrir árangur barna við að ná tökum og skilningi og vinnameð erfiða texta. Ennfremur er mikilvægt að kennarar átti sig á að færnin við að lesa orðin (textann) þarf að vera nánast algjörlega sjálfvirk svo nemandinn geti beint óskiptri athygli sinni að efnisinnihaldi lestextans hverju sinni.

### **Lestrarferfiðleikar:** dyslexía – leshömlun

Dyslexía er sértækur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna. Einkennin birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í stafsetningu og umskráningu. Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu máhljóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og koma fram þrátt fyrir vandaða lestrarkennslu. Dyslexía getur leitt til erfiðleika með lesskilning og ónógrar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og öflun þekkingar í gegnum lestur. (<http://www.interdys.org/>, Lyon, Shaywitz & Shaywitz, 2003) eins og kemur fram í skilgreiningunni þá eiga börn með dyslexíu í sérstökum erfiðleikum með að umskrá bókstafi ritmálsins í hljóð og orð en það veldur erfiðleikum við að lesa og stafsetja ný orð og byggja upp sjónrænan orðaforða. Með góðri kennslu og þjálfun geta flestir einstaklingar með dyslexíu náð viðunandi tökum á lestri, en oft verða stafsetningarerfiðleikar viðvarandi (Torgesen, 2001, 2004).

Nemendur geta auk þess verið með lesröskun af öðrum toga og geta ýmsar ástæður verið fyrir því að lestrarnám reynist nemendum torvelt. Lestrarörðugleikar geta m.a. stafað af: almennum námserfiðleikum, sértækum námserfiðleikum (skert sjón, heyrn, hreyfifærni, eða aðrir líffræðilegir erfiðleikar eru til staðar, félags og tilfinningaörðugleikum, eða með íslensku sem annað mál).

## Leiðarljós í Læsi – kennsluaðferðir og þjálfun

Í upphafi skólagöngu er lögð áhersla á að nemendur fái markvissa kennslu í þjálfun hljóðkerfisvitundar og að kennsluhættir í lestri séu sem fjölbreyttastir. Markviss málörvun, hljóðaðferð, Byrjendalæsi og Pals eru okkar helstu leiðarljós.

**Hljóðaðferð:** Bókstafirnir í íslenska stafrófinu eru kenndir bæði hljóð þeirra og tákn. Samhliða því eru tengingar á hljóðunum kenndar.

**Þjálfun hljóðkerfisvitundar og hljóðavitundar:** Góð hljóðkerfisvitund er forsenda góðrar lestrarfærni. Sýnt hefur verið fram á að börn sem hafa styrka hljóðkerfisvitund eiga auðveldara með að læra að lesa. Hljóðkerfisvitund er skilgreind sem næmni eða vitund einstaklingsins fyrir hljóðrænni uppbyggingu orða í móðurmáli hans. Helstu þættir eru: hlustun, rím, vinna með stöðu hljóða í orðum, orð og setningar og eru leikirnir og þjálfunin fléttuð jafnt og þétt inn í skipulag byrjendalæsis.

**Byrjendalæsi:** Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð nemendum í 1. og 2. bekk. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með hljóðkerfisvitund, stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

**Pals** ( pör að læra saman) Umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr lesfimiþrófum til að para nemendur, tvo og tvo saman. Hann byrjar á að skipta nemendahópnum í tvo hópa þá sem lesa hratt og þá sem lesa ekki eins hratt. Eftir það parar hann þá sem lesa hraðast innan hvors hóps saman, síðan þá sem lesa næst hraðast og síðan koll af kolli þar til búið er að para saman alla nemendur. Með þessu fyrirkomulagi er talið að tryggt sé að ekki verði of mikið misvægi á getu þeirra sem vinna saman.

**Lestur í skóla** Á meðan nemandinn er að ná tókum á lestri er nauðsynlegt að kennari hlusti ekki sjaldnar en þrisvar í viku á lestur nemendans. Þá þurfa nemendur sem eru að ná tókum á lestri, daglega endurgjöf á heimalestur ( límmiða eða stimpla )

**Lestrarsprettir og lestrarviðurkenningar** Lestrarsprettir eru tvisvar á önn í það minnsta. Kennarar í læsisteymi skólans sjá um lestrarsprettina og lestrarviðurkenningar

**Yndislestur** Í Yndislestrarstund lesa nemendur í bók að eigin vali oft í upphafi skóladagsins, hún varir oftast í um 10 mínútur

**Nestislestur** hefð er orðin fyrir nestislestri hjá nemendum í 1. – 7. bekk og eins og nafnið gefur til fer hann fram í nestistíma nemenda þar sem kennarinn les fyrir nemendur framhaldssögu.

**Sumarlestur** Í fyrra hófum við átak í sumarlestri nemenda. Fengu þau með sér heim skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem vöktu hjá þeim áhuga á að lesa meira

### **Skólabókasafnið, hjarta lestrarmenningar Hvaleyrarskóla**

Síð bókasafnsfræðingur hefur verið ötul að vekja og viðhalda áhuga nemenda með fjölbreyttum verkefnum og skemmtilegum uppákomum. Má með sanni segja að bókasafnið okkar sé hjarta lestrarmenningar skólans

## Skimanir og eftirlit með árangri

- **Framburðarskimun:** Skimað er fyrir framburðarfrávikum við upphaf grunnskólagöngu. Það er gert til að finna þau börn sem eru með framburðarfrávik en hafa einhverra hluta vegna ekki fengið talþjálfun á leikskólaaldri. Efir því sem barnið eldist myndar það fastari taugatengingar fyrir framburð ákveðinna máhljóða. Því er mikilvægt að grípa inn í sem fyrst og aðstoða barnið við að ná réttum framburði.
- **Leið til læsis** er lesskimunarpróf sem ætlað er bekkjarkennurum og gerir þeim kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vanda með lesskilning . **Ltl** er staðlað próf sem lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk í október ár hvert. Prófið er óháð því hvaða lestrarkennsluaðferð og kennsluefni er notað. Staðlað þýðir í raun að sama prófið er lagt fyrir ákveðin aldur nemenda á ákveðnum tíma árs. Markmiðið er að veita kennurum og foreldrum sem gleggstar upplýsingar um stöðu nemendans miðað við jafnaldra og einnig getur það gefið kennurum haldgóðar vísbendingar um veikleika sem gætu bent til lestrarerfiðleika. Í kjölfar niðurstaðna úr skimuninni fá þeir nemendur sem koma illa út úr málþroskahlutnum þjálfunarverkefni sem þeir eiga að vinna heima og þeir sem koma illa út úr hljóðfærnihlutunum fá aukabjálfun hjá sérkennara auk verkefna til þjálfunar heima. Lesskimun fylgir handbók, **Skimun – Hvað svo?**, þar sem skimuninni er fylgt úr hlaði með ítarlegum kennsluleiðbeiningum, fræðslu um lestur og þróun hans ásamt gagnreyndum kennsluaðferðum og hugmyndum að bekkjarskipulagi sem gefið hefur góðan árangur við að mæta þörfum nemenda í blönduðu skólaskipulagi. Byggt er á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og kennurum leiðbeint sérstaklega með hvernig hægt er að taka á vanda þeirra barna sem lenda í áhættuhópi.
- **Eftirfylgdarpróf Ltl** gera bekkjarkennara kleift að meta framfarir í lestrarnámi og þá um leið árangur kennslunnar. Bæði eftirfylgdarpróf LtL gera kleift að meta þróun lestrarfærninnar hjá hverjum og einum nemanda fyrstu fjögur ár skólagöngunnar. Eftirfylgdarprófin **Sjónrænn orðaforði** er lagður fyrir 1. bekk í janúar og svo **lesfimipróf** í apríl/maí.



- **Hljóðfærnisgreining í 1. bekk :** Nemendur sem lenda í áhættu 1 samkvæmt skimuninni **Ltl.** fara í Hljóðfrænisgreiningu sem er einstaklingspróf. Hljóðfærnisgreining ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lesblindu. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra. Prófið er ítarlegt og tekur á mörgum þáttum hljóðkerfisvitundar, þar á meðal eru mörg verkefni sem greina hljóðavitund. Greiningin er lögð fyrir í desember og í kjölfar hennar er íhlutun á vorönn ef þurfa þykir
- **Leið til læsis – lesfimi og sjónrænn orðaforði** er lagt fyrir alla nemendur í 2.-4. bekk í sept./okt. og endurtekið í apríl/maí. Markmið með prófinu: Finna þá nemendur sem kunna að eiga í lestrarerfiðleikum þegar fram líða stundir svo unnt sé að hefja fyrirbyggjandi aðgerðir strax. Þessi próf veita vitneskju um lestrargetu og lestrarþróun einstakra nemenda. Við úrvinnslu er þeim nemendum sem greinast í áhættuhóp samkvæmt viðmiðum í úrvinnslunni, veitt sérstök aðstoð í samvinnu við foreldra.
- **Lestrarskimun í 3. -6. - 9. bekk**  
Skimun með LOGOS lestrargreiningu. **LOGOS** er staðlað tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Logos hefur tvo prófaflokka: Annar er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og hinn nemendum í 6.-10. bekk. Prófaðir eru tveir til fjórir þættir, lestur og lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti. Umsjónarkennari og íslenskukennari gera viðeigandi ráðstafanir varðandi kennslu og þjálfun á þeim atriðum sem þarfnast frekari þjálfunar í samvinnu við deildarstjóra sérkennslu, sérkennara og foreldra. Þeir nemendur sem eru undir ákveðnu viðmiði í niðurstöðum eru athugaðir nánar í samvinnu við forráðamenn. Lestrargreiningartækið LOGOS er notað í einstaklingsgreiningu á lestrarfærni nemenda. Í framhaldi af þeim niðurstöðum er nemendum vísað í frekari greiningu t.d. hjá talmeinafræðingi og/eða sálfræðingi ef ástæða þykir til.
- **Orðarún – mat á lesskilningi** er staðlað próf fyrir nemendur í 3. – 8. bekk grunnskóla. Orðarún próf 1 er lagt fyrir í september og Orðarún próf 2 er lagt fyrir í janúar. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum, hvort nemendur geta lesið milli línanna og dregið ályktanir.

- **Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk**

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk þreyta samræmd próf í september ár hvert.

Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir hefur verkefnastjóri sérkennslu og deildarstjórar hvers stigs forgöngu um greiningu á þeim í samvinnu við viðkomandi umsjónarkennara og og er unnin áætlun um stuðning í viðkomandi grein í samvinnu við foreldra.

- **Raddlestrarpróf** – sérstök próf sem notuð eru í 5.-10. bekk, þar sem notaður er aldurssvarandi texti og nemendur lesa upphátt í tvær mínútur, viðmið eru ákveðinn fjöldi rétt lesinna atkvæða á einni mínútu, viðmið eru mismunandi eftir árgangi.

- **Aston Index stafsetningarhlutinn** – Stafsetningarpróf. Það er lagt fyrir nemendur í sérkennslu í 2. – 7. bekk að hausti og síðan aftur sama próf að vori. Þetta er gert til að kanna framfarir í stafsetningu á tímabilinu

- **Logos lestrargreiningar**- Ef niðurstöður Logos skimunar í 3. 6. eða 9. bekk gefa til kynna að um dyslexíu sé að ræða fer nemandinn í nánari greiningu með lestrargreiningartækinu LOGOS. LOGOS er staðlað tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Logos hefur tvo prófaflokka: Annar er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og hinn nemendum í 6.- 10. bekk og fullorðnum. Helstu hlutar prófsins eru: lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umkóðunarfærni og ýmsir undirþættir í umkóðunarferlinum.

## Viðmið við hljóðlestrarpróf

Í þjálfun lestrarfærni er lögð til grundvallar hljóðaaðferðin (að tengja hljóð við staf). Þegar grundvallarfærni í hljóðaaðferð er náð er nemendum kennt að nýta sér þá þekkingu til að ná liðleika í lestri og leshraða, með öðrum orðum kennt að nýta sér þá þekkingu til að lesa.

Mat á lestri í raddlestrarprófum: Gefinn er upp leshraði nemenda þannig að foreldrar hafi ákveðin viðmið og sjái framfarir. Raddlestrarpróf er notað til að finna út hve mörg atkvæði nemandi les á mínútu. Hér er viðmið um árangur.

1. bekkur 10 – 60 atkvæði á mínútu
2. bekkur 50 – 100 atkvæði á mínútu
3. bekkur 140 - 170 atkvæði á mínútu
4. bekkur 200 – 250 atkvæði á mínútu
5. bekkur 220 – 300 atkvæði á mínútu
6. bekkur 230 – 300 atkvæði á mínútu
7. bekkur 300 – 350 atkvæði á mínútu

### Villufjöldi á raddlestrarprófi

Lesi nemandi orð rangt á raddlestarprófi að hluta til eða í heild sinni skal telja heildaratkvæðafjölda orðsins og koma þau til frádráttar atkvæðafjöldanum sem er lesinn er á tveimur mínutum. Þegar atkvæðafjöldi rangt lesinna atkvæða hefur verið dreginn frá skal deilda með 2 og fæst þá raddlestrareinkunn nemandans.

## Sérkennsla

Sérkennslan er ýmist innan eða utan bekkjar og er stuðningur við nemanda eða nemendahóp og skal ávallt vinna einstaklingsáætlun í samvinnu við foreldra ef vikið er verulega frá námsáætlun árgangsins og meta hana reglulega.

**Á yngsta stigi** er áherslan á málörvun, þjálfun hljóðvitundar, þjálfun hljóðkerfisvitundar og lestur. Í einstaka tilfelli er veitt sérkennsla í stærðfræði í 2.-3. bekk.

**Á miðstigi** er sérkennslan aðallega í íslensku (lestri og stafsetningu) og stærðfræði. Kennslan fer aðallega fram í litlum hópum eða námskeiðum (6-8 vikur).

**Á unglingsstigi** er sérkennslan í íslensku og stærðfræði. Nemendur fara í lítinn hóp í námsveri unglingsdeildar. Samstarf sérkennara við foreldra er afar mikilvægt og veita þeir foreldrum, kennurum og stuðningsfulltrúum ráðgjöf við val á námsefni og þjálfun. Í námsveri Hvaleyrarskóla stendur fjölbreytt stoðþjónusta nemendum til boða. Reynt er að sjá til þess að hver og einn nemandi fái þjónustu við hæfi og lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám. Einnig er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Sérstök áhersla er lögð á námstækni og eru nemendur hvattir til að rækta sterkar hliðar sínar til að styrkja sjálfsmynd sína á jákvæðan hátt. Lögð er áhersla á að framkoma við nemendur einkennist af jákvæðu viðmóti og virðingu. Í námsverinu er fyrst og fremst boðið upp á sérkennslu í íslensku og stærðfræði.

**Nemendur með tilfinningalega erfiðleika og/eða hegðunarvanda** eiga kost á óhefðbundnum stuðningi sem tekur mið af þörfum þeirra m.a. að félagsfærni og sjálfstyrkingu eftir því hver þörfin er og hvaða einstaklingum nemendaverndarráð og eineltisteymi vísa til þessa úrræðis

**Nemendur með íslensku sem annað tungumál** fá sérstaka íslenskukennslu meðan á þarf að halda. Þeir geta fengið undanþágu frá skyldunámi í dönsku (sjá Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 78) en geta þá í staðinn fengið nám í íslensku eða eigin móðurmáli (**ekki verið útfært enn**).

# 1. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifst.	Próf/Skimun tímasetning	Lagt fyrir af:	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
	<b>Framburðar-skimun – Hljóðkerfisvitund í byrjun september.</b>	Umsjónar-kennari (Allir í árgangi )			Nemandur sem falla undir viðmið vísað í athugun hjá talmeinafræðingi hafi það ekki verið gert áður.	Sérkennari afhendir eyðublöð til útfyllingar og kemur þeim útfylltum til skila til talmfr. Skólask.	Haft samband við foreldra barna sem falla undir viðmið skimunar og unnin tilvísun til talmeinafræðings.
Niðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>LTL skimun 25. sept- 15. okt.</b>	Umsjónar-kennari (með námskeið)/sérkennari	Áhætta 1 ≤ 12. röð Íhlutun 1	Áhætta 2 ≤ 13-22. röð Íhlutun 2	Áhætta 1: Íhlutun samkvæmt handbók LTL Umsjónarkennari er ábyrgur fyrir áætlanagerð og kennslu (athuga þó íhlutun sérkennara ef hún er til staðar).	Nemendur undir viðmiðum í hljóðkerfisþætti LTL fara í <b>Hljóðfærnigreinin gu.</b>	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor .
Niðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Eftirfylgdarpróf LTL í janúar og maí, texti og orðalisti</b>	Umsjónar-kennari-sérkennari aðstoðar	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun samkvæmt handbók LTL- sérstakt lestrarátak,hljóðkerfisþjálfun eftir eðli vandans. Samvinna við foreldra.	Íhlutun: K- PALS verkefni og Byrjendalæsis-verkefni. Endurinnlögn á stöfum.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Hljóðfærnigreining í desember (nem. Með áhættu 1 )</b>	Sérkennari með réttindi	Viðmið 1: Mælitala 1-6		Íhlutun samkvæmt handbók.	Skýrsla greiningar og íhlutun sérkennara kynntar umsjónarkennara	Skilafundur með foreldrum í foreldraviðtali í jan/febr.

## 2. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrif.st.	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður sendar Skóla-skrifstofu	<b>Eftirfylgdarpróf LTL í september, janúar og maí, texti og orðalisti</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1 (einstaklingsn ámskrá )	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð ( Sér námsefni ) hlutun 2	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, samvinna við foreldra. Verkefnabanki og lestrarefni. Læsissteymi er til aðstoðar við að finna efni við hæfi hvers og eins.	Niðurstöður sendar deildarstjóra	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Raddlestrarpróf og stafabekking könnuð einu sinni á önn.</b>	Umsjónar-kennari annast fyrirlögn og yfirferð. Lesinn atkvæðafjöldi í skráður í verkefnabók	Niðurstöður metnar samkv. viðmiðum um lestrarhraða.	Viðmið að vor í 2. bekk samkv.		Niðurstöður sendar deildarstjóra.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

### 3. bekkur

### Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifst.	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
	<b>Eftirfylgdarpróf LTL í janúar og maí, lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá – lestrarátak, samvinna við foreldra. Íhlutun 2: Sér námsefni	PALS og Byrjendalæsi	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Niðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Logos-lestrarskimun 1, 4 og 5. jan-febr.</b>	Sérkennari með réttindi	≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá – lestrarátak, samvinna við foreldra. Íhlutun 2: Sér námsefni	Logosgreining ef ástæða þykir. Stuðningur Skólaskrifstofu ef 40% nemenda falla undir viðmið 1 og 2.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept og jan.</b>	Umsjónar-kennari			Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun við hæfi.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Talnalykill 13 dæmi</b>	Umsjónar-kennari	Íhlutun 1 ≤ 5 dæmi rétt	Nemendur sem eru með 11-12 dæmi rétt gætu þurft meira krefjandi verkefni.	Nemendur sem falla í íhlutun 1 þurfa þjálfun í grunnfærni, tanaskilningi, samlagningu og frádrætti. Útbúa aðlaðandi verkefnapakka fyrir þá nemendur og fá líka foreldra til aðstoðar.	<b>Ath. Ekki hefur verið hafist handa með að framkvæma þennan þátt</b>	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 4. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifst.	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
	<b>Eftirfylgdarpróf LTL í janúar og maí: lesfimi og orðalisti</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, samvinna við foreldra. Bent á vekefnabanka og lestrarefni. Sérkennari er til aðstoðar.	Pals og Byrjendalæsi	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept og jan.</b>	Umsjónar-kennari			Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun samkv. viðmiðum Orðrúnar	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf Íslenska september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá – lestrarátak, samvinna við foreldra. Íhlutun 2: Sér námsefni	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf Stærðfræði september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá – lestrarátak, samvinna við foreldra. Íhlutun 2: Sér námsefni	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.



## 5. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifst.	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maí. Lesfimi og umdkráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <111 atkv/mín	Viðmið 2 111-220 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept. og jan.</b>	Umsjónar-kennari			Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun við hæfi.		Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Aston Index stafsetningar-könnun Lagt fyrir í september og sama próf í maí</b>	sérkennari	< 10. röð námskeið í stafsetningu hjá sérkennara.		Námskeið í stafsetningu hjá sérkennara	Bent á gagnvirk stafsetningarforrit.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 6. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifstofa	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maíþ. Lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <131 atkv/mín	Viðmið 2 131-230 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept. og jan.</b>	Umsjónar-kennari			Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun við hæfi.		Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Niðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Logos-lestrarskimun okt-nóv. 1, 4 og 5.</b>	Sérkennari með réttindi	≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Sjá að ofan	Logosgreining ef ástæða þykir.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Aston Index stafsetningar-könnun Lagt fyrir í september og sama próf í maí</b>	sérkennari	< 10. röð námskeið		Námskeið í stafsetningu hjá sérkennara	Bent á gagnvirk stafsetningarforrit.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 7. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifstofa	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maíþ. Lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <150 atkv/mín	Viðmið 2 151-300 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept. og jan.</b>	Umsjónar-kennari			Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun við hæfi.		Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf Íslenska september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Niðurstöður greindar og íhlutun eftir eðli vandans.	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf Stærðfræði september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Niðurstöður greindar og íhlutun eftir eðli vandans.	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.
	<b>Aston Index stafsetningar-könnun Lagt fyrir í september og sama próf í maí</b>	sérkennari	< 10. röð námskeið		Námskeið í stafsetningu hjá sérkennara	Bent á gagnvirk stafsetningarforrit	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 8. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifstofa	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maí. Lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <180 atkv/mín	Viðmið 2 181-300 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra. Nemendur sem fá slakan- eða mjög slakan árangur fá íhlutun við hæfi.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“ „Lestu nú „ bækurnar. „Bætt lestrartækni“ verkefni.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Orðarún lesskilningur sept. og jan.</b>	Umsjónar-kennari					Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 9. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifstofa	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maíþ. Lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <180 atkv/mín	Viðmið 2 181-300 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Niðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Logos-viðm.8.b lestrarskimun sept-okt. Þáttur 1- lestur og lesskilningur</b>	Sérkennari með réttindi	≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Sjá að ofan	Logosgreining ef ástæða þykir.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor

## 10. bekkur

## Skimanir og eftirlit með árangri í Hvaleyrarskóla

Skólaskrifstofa	Próf/Skimun	Hver gerir	Niðurstöður	Niðurstöður	Íhlutun	Annað	Foreldrar
Niðurstöður september-prófs sendar Skólaskrifstofu	<b>Raddlestrarpr. sept., jan. og maíþ. Lesfimi og umskráning</b>	Umsjónar-kennari	Viðmið 1 <180 atkv/mín	Viðmið 2 181-300 atkv/mín	Íhlutun -sérstakt lestrarátak eftir eðli vandans, lestrarsprettir, tímataka, samvinna við foreldra.	PALS, gagnvirkur lestur, „Skoða, spyrja, lesa, rifja upp“ „Lestu nú „ bækurnar.	Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
	<b>Hljóðlestrarpróf í jan. og maí Lesskilningur</b>	Umsjónar-kennari	<200 atkv/mín <3 (einkunn)				Birt foreldrum í verkefnabók í Mentor
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf íslenska september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Niðurstöður greindar og íhlutun eftir eðli vandans. Greinakennari, deildarstjóri, sérkennari.	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf stærðfræði september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Niðurstöður greindar og íhlutun eftir eðli vandans. Greinakennari, deildarstjóri, sérkennari.	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.
Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu	<b>Samræmd próf enska september</b>	Umsjónar-kennari eða annar kennari	Viðmið 1 ≤ 15. röð Íhlutun 1	Viðmið 2 ≤ 16- 30. röð Íhlutun 2	Niðurstöður greindar og íhlutun eftir eðli vandans. Greinakennari, deildarstjóri, sérkennari.	Úrvinnsla er á vegum Menntamálastofnunar	Niðurstöður sendar foreldrum í bréfi.

